



248. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólms hélt fund þriðjudaginn 25. ágúst 2009 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, forseti bæjarstjórnar GDP
Elísabet Lára Björgvinsdóttir, ELB
Ólafur Guðmundsson, ÓG
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri, EF
Lárus Ástmar Hannesson, LÁH
Berglind Axelsdóttir, BA
Davíð Sveinsson, DS
Arna S. Andrésdóttir, fundarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund og stýrði.

Lárus óskaði eftir breytingu á dagskrá í upphafi fundar. Samþykkt var að taka fyrir framkvæmd Danskra daga undir lið 3.

1. Fundargerðir bæjarráðs.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 451, dags. 16.07.2009.

Fundargerð framlögð.

Liður 1. Kosning formanns og varaformanns bæjarráðs Stykkishólmsbæjar.

Elísabet Lára Björgvinsdóttir kosin formaður og Gretar D. Pálsson kosinn varaformaður.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 2 fundargerð skipulags-og byggingarnefndar dags. 14. júlí 2009 (119. fundur).

Fundargerð framlögð.

Liður 1 Víkurflöt 7, viðbygging og bílskúr.

Þórgrímur R. Kristinsson og Gerður H. Sigurðardóttir sækja um að byggja viðbyggingu við íbúðarhúsið og bílskúr, sbr. teikningar frá Verkfræðistofu EK, dags, maí 2009. Stærðir: íbúð/ stækkun 22,8 m², 65,0 m³, bílskúr 74,9 m², 258,1 m³. Erindið var grenndarkynnt fyrir Víkurflöt nr. 5, 6, 8 og 9. Engar athugasemdir bárust.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.



Liður 2 Tangagata 8, bílastæði.

Guðmundur Kristjánsson sækir um að fjölga bílastæðum á lóð Tangagötu 8, sbr. tillögu dags.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 3 Tangagata 13, endurnýjun á klæðningu.

Eyþór Benediktsson sækir um að steina húsið að utan í múrkerfi í stað plastklæðningar. sbr. bréf dags. 9.07.2009.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt, Gretar sat hjá vegna tengsla.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt, Gretar sat hjá vegna tengsla.

Liður 5.a. Náttúrulífsskilti við höfnina.

Sæferðir ehf./ Svanborg Siggeirsdóttir sækir um leyfi til að setja upp upplýsingaskilti af fugla- og sjávardýramyndum á hafnarsvæðinu sbr. bréf og tillögur dags. 14.07.2009.

Nefndin tekur jákvætt í erindið.

Samþykkt að vísa erindi til umsagnar hafnarstjórnar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir.

Liður 22 bréf Fjölbrautaskóla Snæfellinga, dags. 12.05.2009 varðandi tap á rekstri skólaaksturs fyrir nemendur FSN árið 2008.

Samþykkt að greiða reikning, en kallað er eftir áætlun fyrir skólaakstur fyrir næsta skólaár og uppgjör fyrir vorönn 2009.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tók: EF

Liður 23 bréf sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, dags. 26.06.2009 varðandi umsókn um úthlutun byggðakvóta.

Gretar og Elísabet harma að byggðakvóti sé skertur um 60 tonn vegna strandveiða, sem er í raun 120 tonn af lönduðum og unnum afla. Strandveiðar hafa skilað til þessa um 30 tonnum í lönduðum afla í Stykkishólmi.

Meirihluti bæjarráðs lagði fram eftirfarandi tillögu að reglum um úthlutun byggðakvóta í Stykkishólmi:



Byggðakvótanum er úthlutað sbr. 4. gr. B. reglugerðar nr. 551/2009, þ.e. úthlutun vegna samdráttar í vinnslu á skel. Einungis þeir aðilar sem orðið hafa fyrir þessum samdrætti verði úthlutað hlutdeild í byggðakvótanum. Það eru bátar þeirra útgerða sem eiga aflahlutdeild í hörpuskel í Breiðafirði þann 1. september 2008 og stunduðu skelveiðar í Breiðafirði á tveimur síðustu skelvertíðum og aðilar sem keypt hafa báta eða útgerðir sem orðið hafa fyrir þessum samdrætti og stunduðu skelveiðar í Breiðafirði á tveimur síðustu skelvertíðum. Byggðakvóta verði úthlutað í hlutfalli við aflahlutdeild í hörpuskel í Breiðafirði þann 1.9.2008.
Reglum um úthlutun samþykkt. Lárus sat hjá.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Samþykkt með fimm atkvæðum. Lárus og Berglind sátu hjá.

Liður 24 tölvupóstur Sigurðar Á. Þorvaldssonar, dags. 16.06.2009 varðandi styrkbeiðni vegna þátttöku hans í körfuknattleikslandsliði Íslands á Smáþjóðaleikunum 2.-6. júní sl.
Samþykkt að veita Sigurði Á. Þorvaldssyni 20.000 kr. styrk.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 25 Erindisbréf byggingarnefndar vegna nýbyggingar grunn- og tónlistarskóla við Borgarbraut og skipun formanns nefndarinnar.
Erindisbréf samþykkt og Gretar D. Pálsson skipaður formaður nefndarinnar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 26 Ársreikningur 2008 - Dvalarheimili-þjónustuíbúðir.
Ársreikningur framlagður og samþykktur.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 27 bráðabirgðauppgjör Stykkishólmsbæjar jan-júní 2009.
Framlagt og Þór Örn bæjarritari gerði grein fyrir Bráðabirgðauppgjör Stykkishólmsbæjar jan-júní 2009. Samþykkt að endurskoða fjárhagsáætlun fyrir árið 2009.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: DS, GDP

Liður 28 Dreifmennt, tillaga að launagreiðslum.
Tillaga að launagreiðslum samþykkt. Bæjarstjóra falið að ganga frá samningi við Dreifmennt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.



Til máls tóku: LÁH, GDP,

Samningar/tilboð.

Liður 29 Opnun tilboða í gangstéttaframkvæmdir (Móholt, Laufásvegur, Borgarhlíð og Hjallatanga).

Eftirfarandi tilboð bárust:

	m/vsk.
Þórarinn Sighvatsson	9.145.426 kr.
Skipavík ehf.	10.400.500 kr.

Kostnaðaráætlun fyrir verkið 7.401.100 kr.

Samþykkt að hafna tilboðum. Bæjarstjóra falið að leita samninga.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: EF, LÁH

Annað/Tillögur.

Liður 30 bæjarstjóri leggur til að kannaður verði möguleiki á áframhaldandi leigu Aðalgötu 5.

Tillaga samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: LÁH, BA

Liður 31 bæjarstjóri leggur til að Skólastígur 11 verði leigður út.

Tillaga samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 32 bæjarstjóri leggur til að fundað verði með stjórn Aftanskins vegna húsnæðis fyrir félagsstarf aldraðra.

Tillaga samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 33 bæjarstjóri leggur til að rekstur félagsmiðstöðvarinnar X-ins verði endurskoðaður.

Tillaga samþykkt. Endurskoðun verður að höfðu samráði við tómsunda- og íþróttafulltrúa, ásamt æskulýðs- og íþróttanefnd.



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: BA, GDP

Liður 34 bæjarstjóri leggur til að reglum um úthlutun á lóðum fyrir íbúðar-og atvinnuhúsnæði verði endurskoðaðar.

Tillaga samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

1.2. Fundargerð bæjarráðs nr. 452, dags. 20.08.2009.

Fundargerð framlögð.

Liður 1 Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 18.08.2009 (120. fundur).

Fundargerð framlögð.

Liður 1 Hjallatangi 44. Einbýlishús.

Bæring Bjarnar Jónsson kt. 020464-5509 sækir um f.h. Hrafnhildar Jónsdóttir kt. 200753 5429 að byggja einbýlishús á lóð nr. 44 við Hjallatanga sbr. teikn frá Bæring Bjarnar Jónssyni, dags. 17.08.2009. Stærðir: 249,2 m², 922,9 m³.
Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 2 Silfurgata 19, lóðarstækkun eða land í fóstur.

Páll Margeir Sveinsson 240168-4999 sækir um lóðarstækkun eða að taka landspildu í fóstur meðfram lóðarmörkum við gangstétt við Silfurgötu 19, sbr. umsókn dags. 6.08.2009.

Nefndin leggur til að umsækjendur fái spilduna í fóstur.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 3 Nýræktarland. Fjánhús.

Kristín Benediktsdóttir kt. 190662-2689 sækir um leyfi til að staðsetja fjánhús á ræktunarlandi sbr. bréf og teikn. dags. 13. 08. 2009.

Stöðuleyfi samþykkt á húsi.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.



Liður 4 Tjarnarás 3, gervihnattadiskur.

Róbert W. Jørgensen sækir um að setja upp gervihnattadisk á svæði við lóðarmörk Tjarnarás nr. 1 og 3. Samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóðar liggur fyrir. Leyfi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 5 umferðarmál, biðskyldumerki, gangbraut og tvístefnuakstur.

Lagðar fram eftirfarandi tillögur að reglum um umferð í Stykkishólmsbæ:

- a) Biðskylda við Laufásveg gagnvart Borgarbraut.
- b) Biðskylda við veg frá kirkju gagnvart Borgarbraut.
- c) Biðskylda við Frúarstíg gagnvart Aðalgötu og Hafnargötu.
- d) Biðskylda við Móholt gagnvart Búðanesvegi.
- e) Gangbraut yfir Súgandiseyjargötu við Smiðjustíg 3/skrifstofu Sæferða.
- f) Einstefnuakstur norðan megin við Skólastíg felldur niður og tekin upp tvístefnuakstur.

Nefndin leggur til að tillögur verði samþykktar.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 6.a) Nefndin leggur til að teknar verði upp viðræður við Ræktunarfélag Stykkishólms um framtíðarstefnumótun á svæði þess.

Samþykkt að bæjarráð fundi með stjórn Ræktunarfélags Stykkishólms.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Bókun:

Við undurrituð fögnum þessari þörfu tillögu skipulags- og byggingarnefndar.

Lárus Ástmar Hannesson

Berglind Axelsdóttir

Davíð Sveinsson.

Fundargerð samþykkt.

Liður 2 Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis, dags. 14.07.2009 (37. fundur).

Fundargerð framlögð.

Liður 3 samningur við Lyfjaver um pökkun lyfja. Tillaga stjórnar er, að ganga að tilboði frá Lyfjaveri um lyfjaskömmun í poka. Mjög líklega mun



lyfjakostnaður lækka umtalsvert við að versla við Lyfjaver. Athuga þarf með uppsögn samnings við Lyfju um þjónustu lyfjafræðings.

Samþykkt að taka hagstæðasta tilboði.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tók: GDP

Liður 4 endurskoðun verðskrár þjónustu þvottahúss. Endurskoðun verðskrár hefur ekki verið gerð í langan tíma og því ekki fylgt eðlilegum verðhækkunum. Nauðsynlegt er því nú að hækka verð þjónustunnar. Tillaga stjórnar er að ný verðskrá taki gildi 1. september 2009.

	Núverandi verð	
	Strauja	Verð
Bolur		50
Buxur	x	80
Gólfmottur		50
Gúmmilak		50
Handklæði		80
Hlýrabolur		50
Jakki		100
Koddaver		40
Lak		50
Langerma bolur		60
Náttbuxur		50
Náttjakki		50
Nærbolur		40
Nærbuxur		40
Peysa		80
Pólóbolir		50
Síðar nærbuxur		60
Skyrta	x	70
Smátt		25
Sokkar		25
Sængurver	x	60
Teygjulak		50
Tuskur		25
Úlpa		150
Vasaklútar	x	25

	Tillaga að verðskrá	
	Strauja	Verð
Bolur		50
Buxur	x	240
Gólfmottur		60
Gúmmilak		100
Handklæði		100
Hlýrabolur		80
Jakki		200
Koddaver		60
Lak		100
Langerma bolur		80
Náttbuxur		70
Náttjakki		70
Nærbolur		60
Nærbuxur		60
Peysa		120
Pólóbolir		80
Síðar nærbuxur		80
Skyrta	x	130
Smátt		35
Sokkar		35
Sængurver	x	120
Teygjulak		80
Tuskur		35
Úlpa		250
Vasaklútar	x	35



Vesti	x	70
Viskustykki	x	25
Yfirdýnur		100
Þvottapoki		25
Joggingbuxur		50
		1680

Vesti	x	120
Viskustykki	x	35
Yfirdýnur		200
Þvottapoki		35
Joggingbuxur		70
		2790

júl.09

Samþykkt endurskoðuð verðskrá þjónustu þvottahúss, mun þessi verðskrá taka verðlagsbreytingum júlí ár hvert, miðað við neysluvísitölu í júlí 2009 sem er 345,1 stig.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

Erindi til kynningar:

10. Bréf Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 01.07.2009 varðandi mælingar á kaldavatnsnotkun.

Framlagt. Óskað er eftir upplýsingum frá Orkuveitu Reykjavíkur hvaða áhrif þetta hefur á kostnað Stykkishólmsbæjar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir.

19. Bréf Leikfélagsins Grímnis, dags. 06.08.2009 varðandi húsnæðismál og fl.

Samþykkt að bæjarráð fundi með stjórn Leikfélagsins Grímnis.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: LÁH, EF

20. Drög að breytingum að reglum um úthlutun á lóðum fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði.

Drög að breytingum samþykktar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

21. Tillaga GDP að húsnæðismálum fyrir Aftanskin.

Undirritaður leggur til að Stykkishólmsbær láti Aftanskin félagi eldri borgara í té húsnæði undir starfsemi félagsins í hluta svokallaðs kálfs við gamla barnaskólann við Skólastíg.



Gerður verði samningur við stjórn Aftanskins þar að lútandi.

Nú þegar umrætt húsnæði hefur lokið hlutverki sínu sem kennslustofur fyrir barnaskólann, er við hæfi að það fái nýtt hlutverk og þá m.a. sem aðstaða fyrir félagsstarf eldri borgara. Aftanskin hefur unnið öflugt starf í þágu eldri borgara. Það mun styrkja starfsemi þeirra enn frekar að hafa fast aðsetur og sína eigin félagsaðstöðu. Nálægð hússins við Dvalarheimilið, þjónustuíbúðir og sal Tónlistarskólans gera það kjörið undir þessa starfsemi.

Gretar D. Pálsson

Tillaga samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

22. Erindi meistaraflokks karla Snæfells í körfu vegna bryggjuballs á Dönskum dögum.

Samþykkt að heimila meistaraflokki karla hjá Snæfelli að halda bryggjuball á Dönskum dögum.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tók: LÁH

23. Bæjarstjóri leggur til að leigusamningur við Íslandspóst vegna Aðalgötu 5 verði framlengdur.

Framlenging á leigusamningi samþykkt.

Bókun

Undirrituð samþykkja framlengingu á leigusamningi við Íslandspóst vegna Aðalgötu 5 þar sem ákveðið hefur verið að endurleigja íbúðina á efstu hæð hússins. Endurleigan mun dekkja stærstan hluta leigukostnaðarins.

Lárus Ástmar Hannesson

Berglind Axelsdóttir

Davíð Sveinsson

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

24. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2009.

Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2009 samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.



26. Bókun Gretars D. Pálssonar vegna strandveiða.

Strandveiðar

Meirihluti bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar varaði við þeirri framkvæmd sem ákveðin var við úthlutun aflaheimilda til strandveiða. Sérstaklega gagnrýndum við að byggðakvóti var rýrður til að setja inn í strandveiðikvóta. Stykkishólmur hefur fengið hámarks byggðakvóta síðustu ár vegna hruns skeljastofnsins og banns á veiðum skeljarinnar. Síðasta fiskveiðiár voru þetta 210 tonn.

Fiskveiðiárið 2008-2009 er Stykkishólmsbæ úthlutað 150 tonnum sem er hámark þess árs. Hér munar 60 tonnum sem þýðir að landaður og unninn afli vegna þessa verður 120 tonnum minni en á síðasta ári. Ákvæði eru í reglugerð um byggðakvóta að útgerðir verði að landa tvöföldum úthlutaðum byggðakvóta og vinna hann í heimabyggð.

Það að nota hluta byggðakvóta til að standa undir strandveiðum er ekkert annað en tilflutningur á störfum á milli byggðarlaga, í því er ekki fólgin nein lausn.

Stykkishólmur er í strandveiðihólfi sem nær frá Eyja- og Miklaholtshreppi að Skagabyggð. Heildar strandveiðiafli á þessu svæði eru 1.316 tonn þar af eru 60 tonn tekinn af byggðakvóta Stykkishólms. Á landinu öllu er heimilt er að veiða 3.955 tonn af óslægðum þorski við þessar strandveiðar.

Heildar veiðiheimildir á þessu svæði árið 2007-2008 eru um 70.000 tonn, byggðakvóti er rúm 2.000 tonn.

Meirihluti bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar hefur síður en svo verið mótfallin strandveiðum, en hefur gagnrýnt það að byggðakvóti hafi verið notaður til að standa undir stórum hluta heimildanna.

Undirritaður og Erla Friðriksdóttir bæjarstjóri mættu til fundar við sjávarútvegsnefnd þann 9. júní og gerðum nefndinni grein fyrir áhyggjum okkar. Eini sýnilegi árangurinn af því er að áætlaður niðurskurður byggðakvóta fór úr 55% í c.a. 30%.

Það liggur fyrir að 25 bátar lönduðu 97,2 tonnum í Stykkishólmi í handfærakerfinu, það er 22,7 tonnum minna en óskertur byggðakvóti hefði skilað. Ekkert af þessum landaða afla var unnin í Stykkishólmi sem gerir 120 tonnum minna en óskertur byggðakvóti hefði skilað. 67 tonnum af þessum 97 er landað í ágúst, en þá fyrst gátu grásleppubátarnir tekið þátt í strandveiðunum. Þessi niðurstaða sýnir að áhyggjur og varnaðarorð meirihluta bæjarstjórnar eiga við rök að styðjast.

Í greinagerð með frumvarpi og í umræðum á Alþingi um strandveiðar kemur fram að þetta sé tilraun sem verði endurskoðuð. Tilraunin er ágæt út af fyrir sig, en rétt hefði verið að tilraunin byggði eingöngu á viðbótarkvóta í stað þess að rýra byggðakvóta. Þessi tilraun ríkisstjórnarflokkanna var gerð á kostnað samfélagsins í Stykkishólmi og annarra sveitarfélaga sem eru í svipaðri stöðu.

Sjávarútvegsráðherra hefur áttað sig á þessu og ber að fagna því að ákveðið hefur verið að úthluta til byggðakvóta 3.885 tonnum á fiskveiðiárinu 2009-2010, en með þeirri úthlutun hefur verið ákveðið að skerða ekki byggðakvótann að hluta líkt og gert var á nágildandi fiskveiðistjórnunarári fyrir strandveiðar.

Gretar D. Pálsson
Forseti bæjarstjórnar



Ólafur Guðmundsson óskaði eftir því að bæjarstjórn tæki undir bókun Gretars. Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrír sátu hjá.

Til máls tóku: ÓG, GDP

Bókun vegna strandveiða frá bæjarráðsfundi 452 20. ágúst 2009

Við undirrituð tókum undir að því miður var byggðakvóti Stykkishólms skertur um 60 tonn á fiskveiðiarinu 2008-2009. Við teljum okkur hins vegar skylt að benda á að upplagður afli í gegnum Stykkishólmshöfn hjá Þórsnesi og Agustson ehf er talsvert meiri fiskveiðiárið 2008-2009 en fiskveiðiárið 2007-2008. Við fögnum því hversu margir sáu sér fært að gera út frá Stykkishólmi á strandveiðar og við fögnum því að ekki á að skerða byggðakvóta 2009-2010. Mest er þó um vert fyrir okkar bæjarfélag að sjávarútvegsráðherra skerti ekki þær bætur sem veittar voru vegna hruns skelfiskstofnsins.

Lárus Ástmar Hannesson
Berglind Axelsdóttir
Davíð Sveinsson

Fundargerð samþykkt.

2. Fundargerðir nefnda.

2.1. Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis, dags. 14.07.2009.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.

2.2. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 14.07.2009 og 18.08.2009.

Fundargerðir framlagðar og samþykktar fyrir á fundinum.

3. Framkvæmd Danskra daga.

Bókun bæjarstjórnar:

Bæjarstjórn væntir endurmats frá Eflingu á framkvæmd Dönsku dagana. Framkvæmd Danskra daga virðist hafa gengið vel að mestu. Bæjarstjórn harmar í ljósi slæmrar umgengni að íþróttavöllur hafi verið nýttur undir tjaldbúðir á dönskum dögum. Bæjarstjórn leggur áherslu á að allt verði gert til þess að íþróttavöllurinn verði áfram hættulaus iðkendum á vellinum.

Til máls tóku: LÁH, GDP, BA, DS, ELB, EF, ÓG,

Fundi slitið kl. 18:25
Arna S. Andrésdóttir.

248. fundur
25. ágúst 2009

